

Háttvirtur mennta- og menningarmálaráðherra, góðir gestir,

Árið 2018 er tileinkað menningararfi í Evrópu og er það haldið hátíðlegt um alla álfuna. Markmiðið með Menningararfsárinu er að vekja athygli á og fagna fjölbreyttum menningararfi Evrópu, arfi sem stendur traustum fótum m.a. í byggingarlist, fornleifum og fornum ritum en er þó einnig bráðlifandi í dag allt umhverfis okkur, í listum og nýsköpun, - þessi staðreynd endurspeglast í einkunnarorðum menningararfsársins, sem eru: **Menningararfurinn, forn og nýr í senn.**

Menningararfsárinu er ætlað að auka skilning á gildi menningararfsins fyrir einstaklinga og samfélög; að kynna auðugan og fjölbreyttan menningararf Evrópu og hvetja fólk til að ígrunda þann sess sem menningararfur hefur í lífi okkar allra. Menningararfsárinu er einnig ætlað að vekja almenning til umhugsunar um hvað hægt er að gera til að vernda hann.

Menningararfurinn á þátt í að byggja upp sterkari samfélög, hann skapar störf og hagsæld og er mikilvægur fyrir sjálfsmynd okkar sem þjóðar.

Evrópskur menningararfur kann að virðast ólíkur frá einu svæði til annars en í raun liggja margvíslegir þræðir og tengingar þvert yfir landamæri og á milli samfélagshópa. Því er hvatt til þess nú í ár að fólk bæði deili upplýsingum um menningararf sinn sem og kynni sér menningu annarra samfélaga. Við það eykst vitund okkar um sameiginlega jafnt sem fjölbreytta sögu Evrópubúa. Í gegnum menningararfinn öðlumst við skilning á fortíðinni en öðlumst einnig leiðarvísi til framtíðar.

Árið 1975 var efnt til húsverndarárs Evrópu. Þá var sjónum sérstaklega beint að byggingararfi álfunnar og mikilvægi verndunar gamalla húsa og mannvirkja. Það ár var haldin var sýning hérlendis um húsvernd og efnt til ráðstefnu um málaflokkinn. Þótt húsvernd eigi sér lengri sögu hérlendis þá höfðu ráðstefnan og sýningin mikil áhrif hér og urðu mikilvægur hluti almennrar hugarfarsbreytingar varðandi byggingararf þjóðarinnar. Strandmenning verður helsta viðfangsefni menningararfsársins 2018 hér á landi. Varð það efni fyrir valinu af tveimur ástæðum. Annars vegar hafa öll samskipti við útlönd, allt frá landnámi og fram á 20. öld farið um hafnir landsins; hvort sem um verslun, fólksflutninga eða útbreiðslu nýrra hugmynda var að ræða. Ísland tengdist Evrópu um hafið. Hins vegar er það svo að vegna loftslagsbreytinga og hlýnunar jarðar stafa fornleifum og öðrum menningarminjum við strandir landsins hætta af ágangi sjávar. Það er von okkar að atburðir sem efnt verður til árið 2018 veki fólk til umhugsunar um þær viðkvæmu og mikilvægu menningarminjar hér á Íslandi sem eru að verða náttúruöflunum að bráð og hvað unnt sé að gera til að bjarga þeim.

Mennta- og menningarmálaráðuneytið fól Minjastofnun Íslands að vera í forsvari fyrir skipulagningu Menningararfsárs Evrópu 2018 hér á landi. Minjastofnun sér um samhæfingu verkefnisins, heldur utan um dagskrá og sér um upplýsingamiðlunina. Í þeim tilgangi hefur verið sett upp heimasíða.

Samstarfsstofnanir eru helstar Þjóðminjasafn Íslands, Árnastofnun, Listasafn Íslands, Náttúruminjasafn Íslands og Þjóðskjalasafn Íslands auk skóla og menningarstofnana á landsbyggðinni. Það verða fjölbreyttir viðburðir um land allt.

Við viljum vekja áhuga ungmenna á menningarminjum. Í þeim tilgangi verður efnt til keppni meðal grunnskólanema sem hefst á næstu vikum. Keppnin snýst um að túlka menningarminjar á skapandi hátt.

Í byrjun sumars mun Minjastofnun, í samstarfi við Borgarsögusafn og Faxesflóahafnir, kynna smáforrit um sögu Reykjavíkurhafnar og tengsl hennar við fullveldi Íslands, en sá viðburður verður einnig á dagskrá fullveldisafmælis Íslands. Smáforritið tengist gönguleiðum sem skýra þróun hafnarsvæðisins. Einnig verður gert sérstakt smáforrit fyrir börn sem tengist sögu svæðisins og fjársjóðsleit

Til að vekja áhuga fólks á strandminjum í sínu nærumhverfi og kynna þennan fjölbreytta flokk fornleifa fyrir almenningi mun Minjastofnun standa fyrir átaki í september. Það felst í að almenningur leiti að og kanni ástand fornleifa við strendur landsins og komi með ábendingar um hvar minjar séu að brotna í sjó fram. Mun þetta átak verða spennandi fyrir fólk með áhuga á sögu og útivist og nýttast minjavörslunni í landinu sem fær með þessu betra yfirlit yfir ástand fornleifa við sjávarsíðuna sem er í hættu.

Nú í ár koma út síðustu bindin í þeirri merku ritröð Kirkjur Íslands, sem Biskupstofa, Minjastofnun/Húsafriðunarnefnd og Þjóðminjasafn Íslands standa að. Í ritröðinni er fjallað um allar friðaðar og friðlýstar kirkjur á Íslandi, kirkjugripi, kirkjugarða og minningarmörk. Unnið hefur verið ötullega að verkinu undanfarna tvo áratugi undir dyggri ritstjórn Þorsteins Gunnarssonar arkitekts. Vegna þessara þáttaskila mun Þjóðminjasafnið setja upp sýningu um kirkjugripi og tengjast þeir flestir verkefninu Kirkjur Íslands. Sýningin verður einn meginviðburður Þjóðminjasafnsins 2018 og tileinkaður Menningararfsári Evrópu. Enda er fátt evrópskara en saga kristni og kirkju, sem hefur tengt Ísland órjúfanlegum böndum við nágrannaþjóðir okkar undanfarin 1000 ár eða svo. Einnig má nefna að nú stendur yfir hér í Þjóðminjasafninu sýningin Fornar verstöðvar sem er falleg og áhugaverð ljósmyndasýning með myndum sem Karl Jeppesen hefur tekið víðsvegar á landinu.

Listasafn Íslands mun standa fyrir vefsýningu þar sem viðfangsefnið er verk úr safneigninni tengd sjó, strandmenningu og sjómennsku.

Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum vinnur um þessar mundir að verkefni um menningarerfðir, og mun tileinka Menningarminjaári Evrópu hluta af því verkefni. Um er að ræða kynningu á orðum sem komu ný inn í íslenskt mál á 15. öld í gegnum samskipti við erlenda kaupmenn sem sigldu til landsins. Sum þessara orða eru enn í almennri notkun í dag.

Einn meginviðburður Menningararfsársins fer fram í byrjun nóvember þegar Minjastofnun Íslands, Þjóðminjasafn Íslands, Náttúruminjasafn Íslands, Þjóðskjalasafn Íslands, Listasafn Íslands og Stofnun Árna Magnússonar standa fyrir sameiginlegri, þverfræðilegri ráðstefnu um strandmenningu. Sá viðburður verður öllum opinn.

Aðrir viðburðir Menningararfsársins eru í höndum aðila og safna um allt land og spanna allt frá listsýningum yfir í norræna strandmenningarhátíð sem haldin verður á Siglufirði. Alls eru nú komnir á dagskrá á þriðja tug viðburða sem tengjast Menningarársárinu beint og búast má við að þeim fjölgi eftir því sem líður á árið.

Öllum þeim sem hafa sýnt verkefninu, menningararfsár Evrópu 2018 áhuga og sett viðburði á dagskrá þess eru færðar kærar þakkir og munum við hlakka til samvinnunnar.